

S A M Þ Y K K T

73

28. maí

um forkaupsrétt og forleigurétt á lóðum í Hvammstangakaupþúni.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 22 frá 23. júní 1932, um forkaupsrétt kaupstaða og kaupþúna á hafnarmannvirkjum o. fl., hefur hreppsnefnd Hvammstangahrepps samþykkt á fundi sínum 11. maí 1949 að áskilja Hvammstangahreppi forkaups- og forleigurétt á eftirtöldum lóðum og fasteignum á verzlunarlóð kaupþúnsins.

1. Eignar- og leigulóðir Kaupfélags Vestur-Húnvetninga, sem að sjó liggja ásamt mannvirkjum.
2. Leigulóðir Sigurðar Davíðssonar norðan Syðri-Hvammsár, ásamt mannvirkjum.
3. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Ketilríður Einarsdóttir.
4. Fasteignin „Pósthús“ með leigulóð, eigandi Björn P. Blöndal.
5. Fasteignin „Árbakki“ með leigulóð, eigandi Auðbjörg Gunnlaugsdóttir.
6. Fasteignin „Hvammur“ með leigulóð, eigandi Hannes Jónsson.
7. Fasteignin „Móberg“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
8. Fasteignin „Melar“ með leigulóð, eigandi d/b Jóhannesar Eggertssonar.
9. Fasteignin „Gilsbakki“ með leigulóð, eigandi Magnús Guðjónsson.
10. Tún sunnan og vestan Gilsbakkalóðar, eigandi Sigurður Davíðsson.
11. Fasteignin „Arnes“ með leigulóð, eigandi Sigurður Tryggvason.
12. Fasteignin „Bakki“ með leigulóð, eigandi Sigurrós Sigurðardóttir.
13. Allar lóðir og fasteignir Sigurðar Pálmasonar.
14. Land Sigurðar Davíðssonar meðfram höfninni norðan „Kúskeljakletts“.
15. Fasteignin „Guðmundarhús“ með leigulóð, eigandi Jóhann Benediktsson.

Samþykkt þessi öðlast þegar gildi og gildir í 5 ár frá dagsetningu hennar að telja. Birtist hún hér með til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 28. maí 1949.

Stefán Jóh. Stefánsson.

Jónas Guðmundsson.

S A M Þ Y K K T

74

31. maí

um fjárskipti á Snæfellsnesi á svæðinu vestan varnargirðingar úr Skógarnesi í Álftafjörð.**1. gr.**

Svæði það sem samþykkt þessi nær til er (hreppar og hreppshlutar): Miklaholtshreppur, Staðarsveit, Breiðuvíkurreppur, Neshreppur, Ytri Ólafsvíkurreppur, Fróðárhreppur, Eyrarsveit, Helgafellssveit og Stykkishólmur.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1949, eða svo fljótt sem við verður komið. Fjáfjöldi á svæðinu um síðastliðin áramót var um 12000.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 24 menn eða 3 fyrir hvern hrepp og hlutfallslega hreppshluta, samkvæmt 25. gr. laga nr. 44 9. maí 1947, og jafn margir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 3 menn og aðrir 3 til vara, kosnir af fulltrúaráði.

Aðalstörf fjárskiptanefndar eru:

- a. Að sjá um fullkomna eyðingu hins gamla fjárstofns á sem hagfelldastan hátt;
- b. að sjá um að einangrun svæðisins sé tryggð eftir þörfum;
- c. að beita sér fyrir kaupum á ósýktu fé inn á svæðið, og sjá yfirleitt um að allar framkvæmdir séu í sem beztu lagi og í samræmi við gildandi lög og fyrirmæli.

5. gr.

Sameiginlegur kostnaður sem tilheyrir fjárkaupunum og ekki greiðist úr ríkissjóði (ríkissjóður greiðir flutningskostnað lamba) skal jafna niður á innkeypt fé.

6. gr.

Fjárskiptanefnd skal starfa að málefnum fjárskiptasvæðisins í samráði við sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdastjóra hennar.

Samþykkt þessi, sem er sett samkvæmt lögum nr. 44 9. maí 1947, um varnir gegn útbreiðslu næmra sauðfjársjúkdóma og útrýmingu þeirra, staðfestist hér með til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnumálaráðuneytið, 31. maí 1949.

Bjarni Ásgeirsson.

Árni G. Eylands.

SAMÞYKKT

um fjárskipti á svæðinu milli Héraðsvatna og varnargirðinga í Eyjafirði.

1. gr.

Svæði það, sem samþykkt þessi nær til, er (hreppar og hreppshlutar): Holts- hreppur, Haganeshreppur, Fellshreppur, Hofshreppur, Hofsóshreppur, Hólahreppur, Viðvíkurhreppur og Akrahreppur í Skagafjarðarsýslu, Saurbæjarhreppur og tveir bæir úr Öngulstaðahreppi og fjórir úr Hrafnagilshreppi framan girðingar, Glæsi- bæjarhreppur norðan varnargirðingar, Öxnadalshreppur Skriðuhreppur, Arnarnes- hreppur, Árskógshreppur, Svarfaðardalshreppur, Dalvíkurhreppur og Hriseyjar- hreppur í Eyjafjarðarsýslu, lögsagnarumdæmi Siglufjarðar og Ólafsfjarðar.

2. gr.

Útrýming alls sauðfjár og geitfjár á þessu svæði skal fara fram haustið 1949, eða svo fljótt, sem við verður komið. Svæðið skal vera sauðlaust eitt ár. Þó skal sauðfjársjúkdómanefnd og framkvæmdanefnd fjárskiptanna á svæðinu heimilt, að undangenginni ýtarlegri rannsókn, að draga um eitt ár slátrun á þeim svæðum, sem sannað verður, að mæðiveiki eða garnaveiki hefur ekki orðið vart, eða taka þar inn nýjan fjárstofn sama haust og niðurskurður fer fram.

3. gr.

Fulltrúaráð fjárskiptanna skipa 57 menn, eða þrír fyrir hvern hrepp og bæjar- félag, samkvæmt 25. gr. laganna, og jafnmargir til vara. Framkvæmdanefnd skipa 5 menn, og aðrir 5 til vara, kosnir af fulltrúaráði.